

NÁLASTUNGUR

Flestar ljósmæður við HSA gefa meðferð með nálastungum á meðgöngu, en einnig í og eftir fæðingu.

Nálastungur eru almennt viðurkenndar sem meðferð við verkjum, ógleði og til þess að auka ytra blóðfæði en þær hjálpa flestum sem þær prófa. Nálastungur örva til að mynda eigið verkjadeyfingarkerfi líkamans og efla almennt heilsu og vellíðan.

Helstu ástæður þess að konur í barneignarferlinu leita til ljósmæðra í nálastungur eru:

- Ógleði
- Grindarverkir og/eða lífbeinsverkir
- Svefnleysi
- Bjúgur
- Kvíði og óróleiki
- Fótaóeirð
- Doði í höndum

Margar konur koma einnig í undirbúningsnálar fyrir fæðinguna.

Vinsamlegast hafðu samband við ljósmóður á þinni heilsugæslustöð til frekari upplýsinga.

Fyrsta skiptið er frítt en hver tími kostar kr. 1000 eftir það.